

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 23. nóvember 2011 í máli nr. E-1601/2011:

Páll Helgi Valdemarsson

(Guðbjörg Benjamínsdóttir hdl.)

gegn

Tryggingamiðstöðinni hf.

(Gestur Óskar Magnússon hdl.)

I

Mál þetta, sem dómtekið var 4. nóvember sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Páli Helga Valdemarssyni, Áshlíð 13, Akureyri, gegn Tryggingamiðstöðinni, Síðumúla 24, Reykjavík, með stefnu birtri 5. apríl sl.

Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði með dómi, bótaskylda úr ábyrgðarlið heimatryggingar Benedikts Sigurbjörnssonar hjá stefnda, vegna slyss sem stefnandi varð fyrir þann 27. september 2008 við Skarðshlíð 21 á Akureyri, er tré í eigu Benedikts, sem hann var að vinna við að fella, féll á hann. Þá krefst hann málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af dómkröfum stefnanda en til vara að sök verði skipt milli aðila. Þá er krafist málskostnaðar en til vara að hann falli niður.

II

Málavextir

Hinn 27. september 2008 var stefnandi ásamt nágranna sínum, Birni Stefánssyni o.fl., að búa niður með keðjusög tré sem brotnað höfðu í óviðri um viku áður á lóð í bakgarði Björns við Áshlíð 15. Garðurinn snýr að bakgarði fasteignar Benedikts Sigurbjörnssonar við Skarðshlíð 21 og söguðu þeir enn fremur hátt tré sem þar var. Við fall þess trés náði stefnandi ekki að koma sér undan í tæka tíð og féll það ofan á stefnanda sem við það hlaut varanlega örorku. Ekki liggja fyrir mælingar á hæð trésins en af myndum af dæma má ráða að það hafi a.m.k. verið yfir fimm metra hátt.

Benedikt er með heimatryggingu hjá stefnda en um er að ræða samsetta tryggingu sem inniheldur m.a. ábyrgðartryggingu og krefst stefnandi bóta úr henni.

Greinir málsaðila á um hver hafi verið aðdragandinn að því að stefnandi tók að sér að saga niður tré og hver aðkoma Benedikts (vátryggingartaka) hafi verið að því. Stefnandi heldur því fram að Benedikt hafi farið þess á leit við hann og féлага hans að fella umrætt tré fyrir sig. Hafi hann jafnframt gefið þeim fyrirmæli um hvernig standa skyldi að verkinu. Af hálfu stefnda er vísað til þess að er Benedikt hafi orðið þess var að stefnandi og félagar hans væru að saga tré í garði Björns hefði hann minnst á það við þá að það þyrfti að fella tré í hans garði. Hafi Benedikt farið aftur inn í hús sitt með dótturdóttur sinni, Nönnu Þóreyju Bjartmarsdóttur. Þau hafi síðar heyrt hávaða í keðjusöginni og séð að þeir félagar hafi verið að saga tré sem hafi staðið á lóðamörkum Skarðshlíðar 21 og Áshlíðar 13. Hafi þau farið út aftur og Nanna Þórey tekið myndskleið af því sem fyrir augu þeirra bar upp á síma sinn. Stefndi mótmælir því sem röngu og ósönnuðu að Benedikt hafi beðið um að þetta tiltekna verk yrði framkvæmt.

Fyrir dóminum gáfu skýrslur stefnandi, Brynjólfur Gunnarsson og Nanna Þórey Bjartmarsdóttir. Þá voru enn fremur lagðar fram skýrslur sem teknar höfðu verið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra 21. október sl. af Benedikt Sigurbjörnssyni, Birni Stefánssyni og Vilhjálm Bergssyni.

III

Málsástæður stefnanda

Af hálfu stefnanda er á því byggt að vátryggingartaki, Benedikt Sigurbjörnsson, beri skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda. Ekki hafi verið réttilega staðið að trjáfellingunni og beri eigandi lóðarinnar og trésins, vátryggingartaki ábyrgð á því. Um hafi verið að ræða afar hættulegt verk og því enn brýnna en ella að verkið væri rétt skipulagt og fyllsta öryggis gætt. Sú skylda hafi hvílt á vátryggingartaka að tryggja öryggi þeirra sem að verkinu hafi komið, enda hafi það verið unnið fyrir hann sem eiganda trésins, en því hafi hann ekki sinnt.

Stefnandi vísar á bug fullyrðingum stefnda um að vátryggingartaki hafi ekki gefið stefnanda sérstök fyrirmæli um fellingunni trésins og hvernig að verkinu yrði staðið sem og þeirri staðhæfingu að stefnandi og samverkamenn hans hafi byrjað að fella tréð án vitneskju vátryggingataka. Í skýrslutöku af vátryggingartaka, fyrir dómi 21. október 2010, viðurkenni hann þátttöku sína í verkinu. Af skýrslutökunni sé ljóst að samkomulag hafi verið gert á milli vátryggingartaka og stefnanda um að fella umrætt tré. Þá kveðst hann einnig hafa veitt leiðbeiningar um hvernig stefnandi og samverkamenn hans ættu að bera sig að við verkið, en í umræddri skýrslutöku segi m.a. „ég held að ég hafi nú kannski farið til Björns og sagt að það væri nú vaninn þegar væri verið að fella svona tré, það væri að saga V inn í tréð þeim megin sem tréð ætti að falla. Og saga svo aftur hinum megin“. Þá hafi hann viðurkennt að hafa fylgst með verkinu auk þess sem dótturdóttir hans hafi tekið hluta athafnarinnar upp á myndband.

Stefnandi vísar til þess að af framlagðri lögregluskýrslu, dags. 27. september 2008, megi sjá hversu illa hafi verið að verkinu staðið. Ljósmyndir sýni að aðstæður í garði váttryggingartaka hafi verið erfiðar og augljóst að um afar hættulegt verk hafi verið að ræða. Þar af leiðandi hafi verið enn brýnna en ella að verkið væri vel skipulagt og fyllsta öryggis gætt.

Stefnandi mótmælir því að váttryggingartaki geti ekki borið skaðabótaábyrgð á slysinu, en stefnandi telur að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, og þar af leiðandi saknæma og ólögmeða háttsemi af hálfu váttryggingartaka við skipulagningu verksins.

Um lagarök vísar stefnandi til skaðabótalaga nr. 50/1993, með síðari breytingum og almennra ólögfesta reglna íslensks réttar um skaðabætur, fyrst og fremst sakarreglunnar. Um málskostnað vísar hann til XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 1. mgr. 130. gr. þeirra.

Málsástæður stefnda

Af hálfu stefnda er vísað til þess að tengsl váttryggingartaka við fellingu trésins geti ekki leitt til skaðabótaskyldu af hans hálfu og þar með úr ábyrgðartryggingu hans. Hann beri ekki skaðabótaábyrgð við það eitt að vera annar eigandi þeirrar fasteignar hvers tré stóð á mörkum lóða Skarðshlíðar 21 og Áshlíðar 13. Verk sem unnin séu á eða við fasteign, hvort heldur sem er að beiðni eiganda eða ekki, séu fyrst og fremst á ábyrgð þeirra sem þau framkvæmi. Váttryggingartaki hafi ekki framkvæmt sjálfst verkið eða lagt til þess verkfæri. Hafi honum ekki borið skylda til að standa að skipulagi verksins og gæta að öryggi við framkvæmd þess. Fráleitt sé að halda því fram að hann hafi hvort heldur átt að annast verkstjórn með fellingu eða að honum hafi borið að leiðbeina þeim er verkið hafi unnið. Í framburði sínum fyrir dómi geti váttryggingartaki þess að kannski hafi hann sagt þeim er sá um að saga tréð, Birni Stefánssyni, að vaninn væri að saga fleyg inn í tréð þeim megin sem það ætti að falla, en það geti og á engan hátt bakað honum skaðabótaábyrgð. Þá verði heldur ekki séð að ranglega hafi verið staðið að verklagi við sjálfa trjáfellinguna. Slysið verði ekki rakið til atvika sem váttryggingartaki beri skaðabótaábyrgð á heldur til þess andvaraleysis stefnanda sjálfs sem hafi staðið svo nálægt væntanlegri fallstefnu trésins að hann hafi ekki átt undankomuleið er tréð féll endanlega niður.

Varakrafa stefnda er rökstudd með sama hætti og aðalkrafa um sýknu og þá sérstaklega vísað til hins sértæka, að stefnandi hafi verið einn þeirra sem hafi staðið að fellingu trésins og þess almenna að öllum þeim sem komnir séu af barnsaldri megi vera ljóst að ekki eigi að standa í nálægð við fallstefnu trés sem komið sé að falli.

IV

Niðurstaða

Í máli þessu deila aðilar um hvort stefnandi eigi rétt á skaðabótum úr hendi stefnda vegna tjóns er hann varð fyrir er tré, sem stóð á lóð Benedikts Sigurbjörnssonar við Skarðshlíð 21, Akureyri, féll á stefnanda, en hann vann að því ásamt fleirum að fella það. Benedikt er með svokallaða heimatryggingu hjá hinu stefnda félagi og beinir stefnandi kröfum sínum að því með heimild 44. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Óumdeilt er að samkvæmt skilmálum tryggingarinnar þarf að sýna fram á að váttryggður hafi með saknæmum hætti valdið öðrum tjóni til þess að skilyrðum um greiðslu úr tryggingunni sé fullnægt.

Málsaðila greinir á um hver hafi verið aðdragandinn að því að stefnandi tók að sér verkið og hver aðkoma Benedikts hafi verið að því. Fyrir liggur að stefnandi, Björn Stefánsson og Brynjólfur Gunnarsson voru að bíta niður tré, sem brotnað hafði í óviðri, í bakgarði Björns. Gaf Benedikt, nágranni þeirra, sig á tal við þá. Fullyrðir stefnandi að Benedikt hafi beðið þá féлага um að saga niður tré í garði Benedikts. Benedikt segir hins vegar að hann hafi minnst á það við stefnanda að það þyrfti að fella tré í hans garði en synir Benedikts hafi áður sagað greinar þess. Stefnandi hafi sagt honum að hann þyrfti ekki að hafa áhyggjur af þessu, hann þekkti mann sem hefði tæki og tól til að gera þetta. Benedikt kveðst að loknu samtali þeirra hafa farið inn í hús sitt en síðar orðið þess áskynja að stefnandi og félagar hans voru að saga niður tré í garði hans. Hafi hann farið út og fylgst með verkinu. Að mati dómsins verður að leggja til grundvallar að stefnandi og félagar hans hafi fellt tréð með samþykki Benedikts enda virðist hann ekkert hafa gert til að stöðva þá í því þegar hann varð þess áskynja að þeir höfðu hafist handa við verkið. Stendur þá eftir hvort aðstæðum á vettvangi hafi verið ábótavant eins og haldið er fram af hálfu stefnanda og hvort Benedikt beri ábyrgð á þeim.

Fyrir liggur að tréð í garði Benedikts var fellt þannig að Björn sagaði fleyg neðst í tréð með keðjusög, sem hann hafði fengið lánaða hjá nafngreindum manni, og þá var fest band í tréð sem stefnandi, Brynjólfur Gunnarsson og Vilhjálmur Bergsson toguðu í. Áður en þeir komu að verkinu höfðu greinar verið sagaðar af trénu. Af myndum sem lögregla tók á vettvangi má þó sjá að hluti greinanna stóð enn út úr trénu. Benedikt kveðst ekki hafa gefið stefnda og félögum hans fyrirmæli um hvernig ætti að fella tréð en hafi þó sagt þeim að það væri vaninn þegar verið væri að fella tré að sagað væri „V“ inn í tréð þeim megin sem það ætti að falla og sagað svo aftur hinum megin. Stefnandi sagði í skýrslu sinni fyrir dómi að Benedikt hefði sagt þeim að saga fleyg í tréð en hugmyndin að því að festa band í tréð hefði komið frá Birni. Er það í samræmi við framburð Björns. Brynjólfur segir að Benedikt hafi talað við þá um að tréð þyrfti að falla í ákveðna átt frá húsunum og hann minnti að Benedikt hefði sagt þeim að saga fleyg í tréð. Á myndbandi sem tekið var er verið var að saga niður tréð sést að Benedikt er viðstaddur trjáfellinguna á þeim tíma sem tréð fellur til jarðar. Af framangreindu má ráða að stefnandi, Björn, Brynjólfur og Vilhjálmur hafi unnið að fellingunni í samráði við Benedikt.

Ekki gilda sérstakar reglur um hvernig fella skuli tré en víða má finna fræðsluefni um hvernig best sé að standa að því. Var slíkt fræðsluefni afhent dóminum til hliðsjónar af hálfu beggja aðila. Í fræðsluefninu kemur fram að nauðsynlegt sé að meta aðstæður til fellingar en oft sé hæð og staðsetning trésins þannig að ekki sé mögulegt að fella það í einu lagi. Þurfi því að minnka umfang þess með því að klippa eða saga af þeim greinarnar til að byrja með og jafnvel saga bol þess í áföngum. Virðist hér verið að vísa til þess að svo þröngt geti verið um tré að fall

Þess í einu lagi myndi valda tjóni á nærliggjandi fasteignum og lausamunum. Tréð er síðan fellt með því að saga fleyg í það að neðan og þá er kaðall festur ofarlega í stofn trésins til að stýra fallinu. Togar þá einhver í kaðalinn á meðan annar sagar tréð niður.

Að mati dómsins er, með hliðsjón af því fræðsluefni sem málsaðilar vísuðu til um trjáfellingu og aðstæðum á vettvangi, sem sjá má á ljósmyndum lögreglu og myndbandsupptöku, ekki unnt að fallast á það með stefnanda að ranglega hafi verið staðið að fellingum umrædds trés í garði Benedikts. Verkið var unnið í samræmi við það sem tíðkast og þá virðist nægilegt pláss hafa verið í garðinum til þess að tréð gæti fallið niður í heilu lagi án þess að valda tjóni. Almennt stafar hættu af fellingum trés af þessari stærðargráðu og mátti hún vera öllum viðstöddum ljós, án þess að sérstaklega væri varað við henni. Verður samkvæmt þessu ekki fallist á það með stefnanda að slys hans verði rakið til saknæmrar háttsemi Benedikts, jafnvel þótt lagt yrði til grundvallar að hann bæri að einhverju leyti ábyrgð á framkvæmd verksins, heldur verður slysið alfarið rakið til óhappatilviks og aðgæsluleysis stefnanda sjálfs. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Kolbrún Sævarsdóttir, settur héraðsdómari, kvað upp dóminn.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, Tryggingamiðstöðin hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Páls Helga Valdemarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Kolbrún Sævarsdóttir

Rétt endurrit staðfestir,

Héraðsdómi Reykjavíkur, 23. nóvember 2011.

Gjald 1.750 krónur.

Greitt:

